

Þjónustuhundur ársins 2010 **Border collie-rakkinn Frosti frá Flekkudal.**

Frosti er 11 ára björgunarhundur af border collie kyni. Eigandi hans og þjálfari er Ingimundur Magnússon. Ingimundur eignaðist Frosti þegar hann var tveggja mánaða gamall og upp frá því hafa Frosti og Ingimundur verið miklir félagar. Frosti var mjög ungur þegar ljóst var að hann var gott efni í björgunarhund. Ingimundur byrjaði snemma að æfa hann og veturinn 2000 tók Frosti sitt fyrsta B-próf í vetrarleit og B- próf í sumarleit sumarið 2001. Ári síðar tók Frosti A-próf í vetrar- og sumarleit. Síðan þá hefur hann verið á útkallslista Björgunarhundasveitar Íslands. Frosti og Ingimundur hafa farið vel á annað hundrað útköll um allt land. Í útköllunum hafa Frosti og Ingimundur kynnst flestu því sem félagar í björgunarsveitunum upplifa eins og ferðalög á fjölbreyttum farartækjum sem notuð eru við björgunarstörf og oft leitað við mjög erfiðar aðstæður.

Það er óhætt að segja að Frosti hafi helgað líf sitt þjónustu við samfélagið og aldrei gert kröfur um aðra viðurkenningu en leik við gulan tennisbolta.

Frosti er enn starfandi sem björgunarhundur 11 ára gamall og fór í endurmat í vetrar-og sumarleit á þessu ári sem hann stóðst með þrýði.

